



## Sumarstörf

### Starflýsing – Leiðbeinandi sumarnámskeiða í Strandabyggð/umsjón með skapandi sumarstörfum

Leitað er að **leiðbeinanda Sumarnámskeiða Strandabyggðar**. Tvö til þrjú vikunámskeið fyrir börn á aldrinum 6-10 ára verða í boði á vegum Strandabyggðar í júní og felst starfið í skipulagi og umsjón með þeim. Áhersla námskeiðanna fer eftir hæfni og áhugasviði umsjónarfólks en námskeiðin geta lagt áherslu á útvíst, leiki, íþróttir, listir eða annað sem leiðbeinandi og tómskundafulltrúi ákveða í sameiningu. Sumarnámskeið Strandabyggðar heyrir undir íþróttá- og tómskundafulltrúa.

Í starfinu felast eftirfarandi verkefni:

- Yfirumsjón með verkefnum og fræðslu
- Skipulag dagskrár
- Verkstjórn aðstoðarfólks
- Vera þátttakendum góð fyrirmynd
- Vinna með uppbyggileg samskipti og skapa liðsheild í hópnum
- Samskipti og samstarf við þjónustuaðila í Strandabyggð
- Gæsla barna
- Samskipti við forsjáraðila
- Skil á lokaskýrslu um starfið
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni

Ennfremur kemur til greina umsjón eða utanumhald með skapandi sumarstörfum. Leitað er eftir starfsmanni sem hefur þekkingu á leiklist, tónlist eða öðrum listgreinum og getur leiðbeint áhugasömum ungmennum í starfi allt eftir áhuga eða hæfileikum.

Gerð er krafa um góða samskiptafærni og góð tengsl við fólk á öllum aldri, sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni og þjónustulund auk frumkvæðis og hugmyndaauðgi. Umsækjandi skal hafa reynslu af því að starfa með börnum. Þekking á starfi íþróttá- leikja- eða listanámskeiða fyrir börn er kostur. Æskilegt er að umsækjandi hafi náð 20 ára aldri.

Nánari upplýsingar veitir skrifstofustjóri Salbjörg Engilbertsdóttir [salbjorg@strandabyggd.is](mailto:salbjorg@strandabyggd.is) eða Hrafnhildur Skúladóttir íþróttá- og tómskundafulltrúi [hrafnhildursk@strandabyggd.is](mailto:hrafnhildursk@strandabyggd.is)